

18. janúar 2017

Fundargerð fyrir ungmennaráð Hrunamannahrepps

Fundurinn hófst kl. 20.30.

Á fundinum voru: Else Nielsen forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Zero, Hrafnhildur Sædís Benediktsdóttir, Ragnheiður Guðjónsdóttir, Rúnar Guðjónsson og Anna Marý Karlsdóttir. Jón Hermann Vignisson hafði boðið komu sína en hann forfallaði.

1. Fundurinn hófst með því að fara yfir hvaða einstaklingar eru í ungmennaráði og hverju eru varamenn. Spurning er hvort Unglingadeildin Vindur og ungmennafélagið hafa kosið sig fulltrúa og varamenn og hver væri varamaður fyrir Jón Hermann Vignisson. Else sagðist ætla að komast að niðurstöðu þess máls fyrir næsta fund.

2. Rúnar kynnti fyrir ráðinu Facebook síðu sem hann ætlar að opna fyrir hönd Ungmennaráðsins. Síðan verður eingöngu fyrir ungt fólk í Hrunamannahreppi á aldrinum 14-20 ára og forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Zero. Á Facebook síðan verðu hægt fyrir ungmenni að tjá sig og til að fræðast um hvaða hlutverk ungmennaráðið hefur. Síðan verður opnuð á næstu dögum.

3. Ungmennaráðið hefur verið með hugmyndir um ball og langar að fara að framkvæma það. Rætt var um að halda ball fyrir 18 ár og eldri og reyna að hafa það sem árlegan viðburður ef vel gengur. Rúnar vildi taka á sig að tala við sveitastjóra Hrunamannahrepps um hvernig hægt sé að fjármagna slíkan viðburður og hvort Ungmennaráðið fær leyfi til þess. Einnig ætlar Rúnar að ræða við fólk sem hann þekkir um hvað það kostar að fá þjálfaða gæslumenn til að vinna á ballinu.

Else ætlar að ræða við Stefán húsvörð í félagsheimilinu um hvort það er möguleikar að hafa barinn opin og hvort félagsheimilið eða Ungmennaráðið bæri ábyrgð á barnum.

4. Upp kom svo hugmynd um hvort Ungmennaráðið vildi reyna að hvetja Strætó til að setja upp strætó skíli á Flúðum. Hrafnhildur Sædís Benediktsdóttir og Anna Marý Karlsdóttir tóku það á sig að skrifa bréf til Strætó til að kynna sér málið.

5. Else kom með hugmynd um hvort félagsmiðstöðin og ungmennaráðið gætu komið að sameiginlegum fyrirlestri um geðheilbrigði ungmenna. Upp hefur komið á fund hjá Ungmennaráði að þeir hafa áhyggjur af geðheilbrigði ungs fólks. Else langar að breyta hefðbundnum fræðslum sem haldnar eru í Zero og gera þær stærri í samvinnu með Ungmennaráði. Hugmynd um tvískiptan fyrirlestur fyrir nemendur í 7-10. bekk og annan fyrir foreldra. Rúnar og Anna Marý ætlar að fræðast um hvaða fyrirlestrar eru í boði.

6. Upp kom umræða yfir hvort það sé hægt að búa til viðburðir fyrir ungmenni sem búinn eru í 10. bekk og langar að hittast. Þeir unglínglinga sem hafa lokið 10. bekk og eru í FSU hafa mjög litla möguleika á félagslífi eftir skóla. Else kom með hugmynd um að prufa að búa til slíkan viðburð í húsnæði Zero. Hún ætlar að ræða það við Sveitarstjóra Hrunamannahrepps. Ef leyfi fæst fyrir þessu er ákveðið að hafa opið föstudaginn 3. mars til að kanna hvort það sé áhuga hjá ungmönnum fyrir slíkra viðburðir. Þessi viðburður verður áfengislaus og verður undir umsjón forstöðumans Félagsmiðstöðvarinnar Zero.

7. Else lagði fram hugmynd um námskeið sem haldin eru erlendis. Þessi námskeið eru auglýst hjá Evrópa unga fólks. Fjögur námskeið eru í boði á vor önn og fannst ráðsmenn námskeið sem er heitir Ungt fólk og þá sem starfa með ungu fólki áhugavert. Þetta námskeið verða haldið í Oviedo á Spáni þann 17 – 23. apríl 2017 og rennur umsóknarfrestur út 8. febrúar 2017. Else ætlar að kanna hvort möguleikar eru til staðar fyrir Ungmennaráðið að sækja um þetta námskeið.

8. Ráðsmenn voru sammála um að halda aftur fund eftir 2. vikur og verður þá aðalskipulag Hrunamannahrepps rætt en ráðsmenn hafa fengið skipulagið sent af Oddvita Hrunamannahrepps Halldóra Hjörleifsdóttir.

Fundur slitin kl. 21.16

Fundarritari Else Nielsen